

Tillögur til að auka vatnsvinnslu fyrir
Hitaveitu Siglufjarðar

Gísli Karel Halldórsson

Greinargerð GKH-81/07

Siglufjörður 2. sept. 1981

Tillögur til að auka vatnsvinnslu fyrir Hitaveitu Siglufjarðar.

1. Keypt verði ný dæla og sett í holu 9. Hóla 9 er fóðruð með 254 mm víðu röri í 163 m.
Holan var boruð 1354 m., með 200 mm borkrónu. Dælan í holu 9, verði sett á 160 m. dýpi, og fengjust þá um 4 l/s úr holunni af 78°C heitu vatni. Gerðar verði ráðstafanir til að fá dæluna sem fyrst.
2. Ekki verði farið út í að virkja holu 8. Hóla 8 er fóðruð með 356 mm víðu fóðurröri niður á 7 m. dýpi. Í dæluprófun var dæla sett í 135 m. dýpi. Dælt var um 2 l/s úr holunni af 68°C heitu vatni. Vatnið bar með sér talsvert af leir í dælingunni.
Hitamælingar sýna að hóla 8, er heitasta holan á svæðinu.
Þegar dælt er úr holunni, kemur kalt vatn inn í holuna, ofarlega. Vatnið sem fæst upp er því blandað vatn, með hitann 68°C.
3. Dælan sem er í holu 8, verði sett í holu 6, og verði þar varadæla fyrir holu 7 eins og áður.
4. Gengið verði frá bréfi til Jarðhitadeildar Orkustofnunar og óskað eftir staðsetningu á nýrri holu fyrir Hitaveitu Siglufjarðar.
Holan verði staðsett það tímanlega að hægt verði að leggja veg, og gera borplan vorið 1982.
5. Bréf verði sent til Jarðborana ríkisins, með ósk um að borinn Narfi bori nýja holu fyrir Hitaveituna í júní 1982, í samræmi við tillögu JHD.
Borinn Narfi mun einnig hreinsa holu 9 í botn, en í holunni er hrun á 1029 m. dýpi, en holan var boruð 1354 m. djúpt.
6. Gengið verði frá þaki á vatnstanki upp í dal.
Tankurinn einangraður og brunnar á aðveitum.

Gísli Karel Halldórsson.